

## Svar

### utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um ræstingarþjónustu.

1. *Hvernig er ræstingu sinnt hjá ráðuneytinu og sendiskrifstofum? Óskað er sundurliðunar eftir ráðuneyti og sendiskrifstofum og að fram komi kostnaður árið 2019 þar sem þjónustan var aðkeypt og meðalfjöldi stöðugilda árið 2019 þar sem ræstingu er sinnt af starfsfólki á launaskrá.*

Í sendiskrifstofum Íslands í Moskvu, Brussel, Helsinki og Þórshöfn er ræstingu sinnt af starfsfólki á launaskrá. Í sendiskrifstofum í New York, Peking, Ottawa og Nýju-Delí er ræsting hluti leigugreiðslu, svo og hluti sameiginlegs rekstrarkostnaðar í fastanefnd í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins og í öðrum sendiskrifstofum er ræstingu sinnt með samningum við ræstingarþjónustu í verktöku. Það skal tekið fram að þar sem ræstingu er sinnt af starfsmanni í sendiskrifstofu er ekki um fullt starf að ræða á hverjum stað.

### Yfirlit kostnaðar vegna ræstingarþjónustu á hverjum stað árið 2019 á verðlagi þess árs, í íslenskum krónum.

Staður	Kostnaður 2019
Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa	19.100.888 kr
Utanríkisráðuneytið, Þyðingamiðstöð	434.835 kr
Sendiráð Íslands í Berlín	1.276.168 kr
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3.580.484 kr
Sendiráð Íslands í London	1.600.984 kr
Sendiráð Íslands í Moskvu	605.731 kr
Sendiráð Íslands í Osló	1.213.458 kr
Sendiráð Íslands í París	1.187.840 kr
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	927.584 kr
Sendiráð Íslands í Washington	961.651 kr
Fastanefnd Íslands í NY	495.733 kr
Sendiráð Íslands í Brussel	2.854.536 kr
Fastanefnd Íslands hjá NATO	
Fastanefnd Íslands Genf	1.154.090 kr
Fastanefnd Íslands Vín	667.811 kr
Sendiráð Íslands í Peking	
Sendiráð Íslands í Ottawa	
Sendiráð Ísland í Tokyo	882.901 kr
Sendiráð Íslands í Helsinki	488.505 kr
Aðalræðisskrifstofa Íslands í NY	212.454 kr
Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg	361.099 kr
Sendiráð Íslands í Nýju Delí	256.009 kr
Aðalræðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn	770.700 kr
Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk	693.730 kr
Samtals	39.727.191 kr

2. *Á hvaða hátt tryggir verkkaupi að ekki sé um félagsleg undirboð að ræða í þeim tilvikum þegar ræstingu er útvistað?*

Ríkiskaup hafa annast útboð á ræstingu fyrir utanríkisráðuneytið vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins. Með því er tryggt að fyrirkomulag innkaupa á þjónustunni sé í samræmi við reglur og lög um opinber innkaup. Í tilfalli sendiskrifstofa er umfang þessarar þjónustu alla jafna mjög lítið og fyrirkomulagi innkaupa þarf að haga í samræmi við staðhætti á hverjum stað. Engu að síður er í vinnureglum utanríkisráðuneytisins lögð áhersla á að leitað sé tilboða og farið sé að reglum sem um slík innkaup gilda á hverjum stað.

Alls fóru 8 vinnustundir í að taka þetta svar saman.